

Fréttabréf Reykjahlíðarskóla og Leikskólans Yls

Pistill skólastjóra

Heil og sæl,

Fyrsti mánuður nýs skólaárs hefur byrjað með ágætum og það hefur verið mikið líf og fjör að fá nemendur okkar aftur í skólana.

Þrátt fyrir erfiða byrjun í leikskólanum þá hefur starfið gengið vel og ekki annað að sjá en krakkarnir séu glaðir að komast aftur í rútínu. Fimm börn hófu nám í leikskólanum í haust og gleðjumst við yfir þeirri aukningu. Börnin hafa verið mikið úti í byrjun skólaárs og notið veðurblíðunnar sem hefur leikið um okkur á norðurlandi síðustu vikur. Skólahópurinn hefur verið að koma yfir í grunnskólann á samverustundum á miðvikudagsmorgnum og borða þá morgunmat með grunnskólanemendum. Þetta hefur vakið mikla lukku hjá bæði yngri og eldri nemendum og gaman að sjá hvað allir hjálpast að við að kenna þeim yngri.

Yngsta- og miðstig eru búin með sundkennslu haustannar og gengu þeir dagar vel. Unglingastigið fer vikulega niður á Laugar og er þar í samkennslu með Þingeyjarskóla í sundi og íþróttum og er óhætt að segja að þessar ferðir séu bæði skemmtilegar og lærdómsríkar. Það er auðvitað áskorun fyrir nemendur okkar að taka þátt í íþróttastarfi með svo stórum hópi nemenda og það koma upp árekstrar af og til, en þau hafa verið mjög jákvæð og spennu að fara og dugleg að taka þátt, þrátt fyrir að þau sé ekki alltaf sátt við öðruvísi reglur í hinum ýmsu leikjum í íþróttum 😊

Við eigum ótrúlega flottann nemendahóp hér í skólunum og þið megið vera stolt af börnunum ykkar.

Grunnskólinn fór í Eyvíkurfjöru um daginn, þar sem sumir fengu sér sundsprett á meðan aðrir byggðu sandkastala. Ferðin endaði í sundi á Laugum þar sem margir voru fegnir að komast í pottinn. Ferðin gekk ljómandi vel og komu allir glaðir heim.

Að lokum, það tekur heilt þorp að ala upp barn og vil ég því hvetja ykkur til að taka virkan þátt í skóla-félags eða íþróttastarfi barnanna ykkar. Við sköpum samfélagið og það skiptir svo miklu máli að við göngum í takt og tökum virkan þátt svo börnin okkar vaxi og dafni í fallegu sveitinni okkar.

Haustkveðja, Anna

September 2022

Á döfinni

Foreldraviðtöl eru í gangi

30. sept. Grunnskólamót á Laugum (7.-10.b.)

10.-14. okt Danskennsla

17.-21. okt Vinavika hjá leikskóla

24.-27. okt Áhugasviðsvika hjá grunnskóla

28.-31. okt. Vetrarfrí hjá leik- og grunnskóla

Ólympíuhlaup ÍSÍ

Grunnskólinn og skólahópurinn tóku þátt í Ólympíuhlaupinu og hlupu alls 135km!

Ótrúlega vel gert!

Af góðum
hug koma
góð ráð

Myndir

Ég minni á að myndir af starfinu eru inn á heimasíðu grunnskólans og inn á Karellen fyrir leikskólann.

Matseðil er að finna á heimasíðu skólanna!

September 2022